



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

9. tbl. 2007, - 17. árg.
Desember 2007

Jólaskemmtun FÍL 26.

Jólaball Félags Íslendinga í Luxembourg verður haldið þann 26. desember 2007 kl. 14:00 í Am Sand í Niederaanven. Húsið opnar kl. 14:00. Dansað kl. 15:00

Jólasveinar koma með góðgæti í poka fyrir börnin sem dansa í kringum jólatréð í sínu besta jólaskapi. Boðið verður upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, kaffi og meðlæti, sem félagsmenn koma með að venju. Aðrir drykkir verða til sölu.

Vinsamleg tilmæli eru þau að allar fjölskyldur komi með eitthvað gott með sér, t.d. kökur, múffur, brauð, brauðterturt, pönnukökur, vöflur, kleinur eða eitthvað gott að maula eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Stjórnin vonast til þess að sem flestar fjölskyldur sjái sér fært að mæta, dansa með börnunum og njóta samvista með löndum sínum hér í Luxembourg.

Þökkum þeim sem hafa skráð sig á lista til aðstoðar- og/eða undirbúnings. Fleiri vantar þó ennþá og er fólk hvatt til að skrá sig hjá stjórnarmeðlimum.

Stjórn FÍL

Guðsþjónustur

Næstu guðsþjónustur verða sunnudaginn 13. janúar 2008 kl. 14:00, Pálmasunnudaginn 16. mars 2008 kl. 16:30 (takið eftir breyttum tíma) og á Hvítasunnudag 11. maí 2008 klukkan 14:00 í kirkju Mótmælenda 5 rue de la Congrégation í Luxembourg.

Sr. Sigurður Arnarson mun predika.

Öll börn sem eiga að fermast á næsta ári, hvort sem það er á Íslandi eða í Luxembourg eru boðuð á laugardeginum 12. janúar og á laugardeginum 15. mars frá klukkan 11:00 - 16:00 á fermingarnámskeið. Verið er að athuga hvort breyta þurfi þessum dagsetningum. Staðsetning verður tilkynnt síðar.

Nánara fyrirkomulag verður auglýst síðar.

Kirkjunefndin

Í þessu blaði:

Jólaball FÍL	1
Guðsþjónustur	1
Ung börn og matur	2
Presturinn okkar	2
Sjónvarpsþáttur um Ísland	2
Basar International	2
Heimilishornið	2
Íslenskuskólinn	2
Fridagar í Luxembourg	2
Málverkasýning bóru	3
Til umhugsunar	3
Jólaílmur í húsið	3
Unglingarnir í dag ?	3
Málað á tré	4
Frá ritstjóra	4
Íslenskt í ScanShop	4
Börnin og lífið	4
Litlu dálkarnir	4

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg óskar félögum sínum og fjölskyldum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með kærri þökk fyrir samstarfið á liðnum árum.



Á döfinni:

- Jólaball FÍL 26. des. 2007
- Sjónvarpsþáttur 31. des 2007
- Guðsþjónusta 13. janúar 2008
- Íslenskuskólinn, sjá bls. 2
- Þorrablót fyrirhugað 1. mars 2008
- Guðsþjónusta 16. mars 2008
- Guðsþjónusta 11. maí 2008

Þorrablótið er fyrirhugað 1. mars 2008 á Parc Hotel



Ung börn og matur

Bókin „Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?“ er komin út á Íslandi.



Þetta er handbók ætluð foreldrum sem eru að byrja að gefa börnum sínum fasta fæðu. Hér er að finna ýmsar ráðleggingar og svör við spurningum foreldra sem langar að gefa barninu sínu frá byrjun næringarríkan og heilsusamlegan mat.

Bókin inniheldur ítarlegan lista yfir hvenær börn mega byrja að borða vissar fæðutegundir, leiðbeiningar í meðhöndlun ávaxta og grænmetis ásamt fjölda mynda.

Einnig er að finna fjölmargar einfaldar og góðar uppskriftir að barnamat en einnig að mat fyrir alla fjölskylduna. Ráðleggingar fyrir foreldra sem eiga börn sem vilja helst aldrei borða, heilsusamlegar uppskriftir fyrir veislur og margt, margt fleira.

Höfundur er Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari.



Ebba Guðný Guðmundsdóttir bjó bæði í Luxembourg og í Trier til skamms tíma ásamt fjölskyldu sinni. Hún gekk í háskóla í Trier og í Reykjavík. Hún er gift og tveggja barna móðir þeirra, Hönnu Huldu 5 ára og Hafliða 2 ára. Ebba hefur haft sérstakan áhuga á mataræði barna ásamt því að hafa kynnt sér lífrænt ræktað fæði líka.

Bókin kostar 3.750.- og hún er fánleg á www.bibiogblaka.is og send heim til kaupenda hvert í heim sem er. Sendingarkostnaður er enginn.

Ritstjóri

Börnin og lífið

Siggi og hinir krakkarnir í leikskólanum voru að fara út að leika sér. Þá segir Siggi spekinglega;

“Maður getur alveg verið á eyrunum. Það er svo gott veður úti.”

Krakkar úr leikskólanum Kjarrið, Garðabæ

Presturinn okkar

Presturinn í Lundúnum Sr. Sigurður Arnarson þjónar Íslendingum í Luxembourg og heimsækir þá að jafnaði fjórum sinnum á ári.

Hann sinnir meðal annars fermingarfræðslu hvort sem unglingarnir fermast innan eða utan Luxembourgar og fer fræðslan fram þær helgar sem messur eða guðsþjónustur eru í Luxembourg.

Sr. Sigurdur Arnarson
Íslenska sendiráðinu í Lundúnum/Embassy of
Iceland in London
2A Hans Street
SW1X 0JE, London, England

Tel: +(44) 207 259 3999

FAX +(44) 207 245 9649

Farsími +(44) 7766 020 902

E-Mail: chaplain@utn.is eða

sigurdur.arnarson@utn.stjr.is

Ritstjóri og Sr. Sigurður Arnarson

Sjónvarpsþáttur um Ísland

Þórunn (Thorunn) Egilsdóttir verður með átta mínútna sjónvarpsþátt um Ísland og íslendinga í Luxembourg þann 31. desember næstkomandi kl. 19:00.

Þátturinn er sýndur á RTL Luxembourg.

Þar koma fram meðal annarra bankastjórar og flugmenn í Luxembourg.

Ritstjóri

Frídagar í Luxembourg

2007

25 Dec 2007	Christmas Day
26 Dec 2007	Boxing Day

2008

01 Jan 2008	New Year
24 Mar 2008	Easter Monday
01 May 2008	Labour Day
12 May 2008	Whit Monday
23 Jun 2008	National Holiday
15 Aug 2008	Assumption
01 Nov 2008	All Saints
25 Des 2008	Christmas Day
26 Dec 2008	Boxing Day

Basar International

Hinn árlegi Basar International var haldinn fyrstu helgina í aðventu, í LUXEXPO Kirchberg Foires International.

Íslenski Basarinn seldi m.a. lopa- og flísfatnað frá Íslandi ásamt íslensku sælgæti, laxi, síld svo og ýmislegt annað.

Allur ágóði Basar International rennur til líknarmála.

Í janúar Brú verður væntanlega birt grein eftir formann félagsins Völu Björg Arnardóttur.

Ritstjóri



Heimilishornið

Villigæis með trönuberjasósu

Fyrir 4

I villigæis. Salt og pipar

Stráíð salti og pipar á gæsina og setjið í 210° heitan ofn í 10 mínútur. Lækkið ofnhitann í 140° og hafið ofninn opinn í smá stund til að leyfa mesta hitanum að rjúka úr ofninum, steikið áfram í 60 mínútur. Berið fram með eplasalati, rauðvínssóðnum perum og smjörsteiktum sóðnum kartöflum.

Trönuberjasósa

1 msk smjör
50 gr grænmeti (sellerírót, nípa, gulrætur, skallotlaukur, blaðlaukur)
100 ml trönuberjasafi
400 ml villibráðarsoð
2 tsj sykur
2 msk kartöflumjöl
Skvetta af rauðvíni
Nýmalaður hvítur pipar
Sjávvarsalt

Léttsteikið finskorna grænmetið í smjöri á pönnu. Bætið trönuberjasafa, soði og sykri saman við og látið malla í um 20 mínútur. Sigtíð sósunu og þykkið með kartöflumjöli, leysið upp í rauðvíni. Látið malla í 5 mín. www.noatun.is

Íslenskuskólinn 2008

Nú er haustönn íslenskuskólans lokið og þakkar stjórn FÍL kennurum og nemendum skólans fyrir samstarfið og hlakkar til samstarfs á næsta ári.

Starf skólans eftir áramót verður auglýst síðar.

Stjórn FÍL



Málverkasýning Þóru

Þóra Karlsdóttir opnaði málverkasýningu í Gallery Arizona Lounge í Contern í Luxembourg fimmtudaginn 15. nóvember síðastliðinn og stóð sýningin fram til 16. desember.



Sýningin sem hét "ALL ABOUT RUST" er sú fyrsta sem Þóra opnar og þótti takast vel til og er listakonan mjög ánægð með viðtökurnar og þakkar fyrir áhugann sem verk hennar hafa fengið.

Ritstjóri

Málað á tré

Frökin Fix er handverksmarkaður á netinu. Þar er um að ræða ómálaðar trévörur, meðal annars til jólaskeytinga. Gestabækur, eldhúsrúllustandar, nafnaskilti og dagatalsþjöld eru meðal þess sem fæst í Fröken Fix.

Farið er inn á vefslóðinni www.simnet.is/froken-fix

Allir hlutirnir eru útskornir en ómálaðir og þar kemur handlagning kaupandans til sögunnar, eða þess sem hlýtur gripinn. Litir fylgja með og leiðbeiningar. Sérstakar jólavörur með snjókörlum og kerlingum, jólasveinum og jólatrjám eru í einni deildinni.

Ritstjóri/Netið

Frá ritstjóra

Kæru lesendur

Alltaf er gaman að heyra að fólk les Brúna okkar Íslendinga hér í Luxembourg. Nú er farið að bera á því að ættingjar og vinir lesa einnig Brúna á Íslandi og víðar.

Vona að blaðið komi ykkur vel. Flest efni er velkomið til birtingar.

Þjóðum velkomna Maríu Huesmann með nýja dálkinn sinn "Til umhugsunar." Þar mun María koma hinu og þessu efni til skila er varðar fjölskyldur, vandamál og lausnir því hvaða fjölskyldur ganga ekki í gegnum einhverjar raunir í gegnum æviskeiðið.

Kærar þakkar til þeirra sem senda inn efni.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár til allra.

Ritstjóri

Til umhugsunar

HVERNIG VERKAR ÁFENGI??

Áfengi verkar sem deyfilyf á heilann eitthvað svipað og ether eða chloroform. Því meira magn því meiri áhrif.

Heilastöðvar eru svæðar hver af annari, fyrst hinar æðri, það er að segja þær sem stjórna hugsun og ályktunum, dómgreind og minni og síðan hinar langbróðuð frumstöðvar – þær sem stjórna öndun og æðaslætti – hreyfiaflsstöðvarnar.

SKAMMÍMAÁHRIF

Menn verða "léttir" eða "kenndir" eftir 2 – 4 venjuleg glös, maður verður rjóður og glaseygður, talar mikið og jafnvægisskynið brenglast lítilla og viðbrögðin verða hægari.

Eftir 3 – 5 glös í viðbót fer ástandið versnandi, þá fer maður að slaga og jafnvel sjá tvöfalt, tala drafsandi, röfla og gera og segja hluti sem maður myndi ekki gera "edru."

Ef enn er haldið áfram endar með að maður sofnar og "deyr."

HVAÐ SKEÐUR SVO?????

Ef drukkið er oft og mikið í langan tíma kemur í ljós lysterleysi, vítamínskortur, magabólgur og húðsjúkdómar. Menn verða náttúruleisur, lifrin og miðtaugakerfið fer úr lagi, hjarta og æðasjúkdómar gera vart við sig og menn fara að missa minnið til lengi eða skemmri tíma.

ÞAÐ ER NÚ ÞAÐ.

Mörgum finnst gaman að verða léttur af víni, en engum finnst gaman að verða blindfullur og RÓFLA, GRENJA, ÖSKRA, SLÁST og ÆLA. Vakna svo upp morguninn eftir með hausverk, magapínu og hrikalegan mórál.

Það er einmitt þetta sem maður þarf að hugsa um og rabba um við kunningjana þegar maður ákveður hvort maður vill drekka vín.

María Huesmann Karlsdóttir
Counselor/Consultant IC&RC
Tel. 00 352 358 556
Email huesmann@pt.lu

Geðrækt á Íslandi

GEÐORÐIN 10

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara.
2. Hlíðu að því sem þér þykir vænt um.
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir.
4. Lærðu af mistökum þínum.
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina.
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu.
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig.
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup.
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína.
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast.

María Huesmann Karlsdóttir
Counselor/Consultant IC&RC
Tel. 00 352 358 556
Email huesmann@pt.lu

Jólailmur í húsið

Eftirfarandi er frábær leið til að fá jólailminn í húsið án þess að vera búinn að baka piparkökurnar.

Fyrir þá sem ekki hafa gefið sér tíma til að baka piparkökurnar er skemmtilegt húsráð til að fylla heimilið af jólailmi á svipstundu.

Svolítið af vatni er sett í pott og mandarínubörkur rifinn út í. Þá er kaniill og negull settur út í pottinn og soðið í góða stund. Þannig gýs upp þessi fíni ilmur og fyrir þá sem vilja er hægt að nota múskað eða vanillu að auki eftir smekk hvers og eins.

Þá er sniðugt að geyma blönduna í pottinum yfir nótt og kveikja undir að nýju næsta dag til að fá enn meiri jólailm í húsið.

Ritstjóri/Netið

Jólagrín

Dómarinn var heldur pirraður þegar hann var kallaður til dóms á aðfangadag, og spurði sakborninginn harkalega: "Hvað ert þú ákærður fyrir?"

"Fyrir að gera jólainnkaupin snemma." svaraði sakborningurinn.

"Það er nú ekkert refsivert," sagði dómarinn, "hversu snemma gerðir þú þau?"

"Áður en búðirnar opnuðu!"

Ritstjóri/Netið

Unglingarnir í dag ?

Virðuleg kona kom við í fiskbúðinni og bað um þrjár gellur.

Ungu dómurnar í afgreiðslunni könnuðust ekkert við gellur og töluðu við yfirmanninn sem var um tvítugt.

Hann benti konunni á að ungu stúlkurnar hjá honum væru sko ekki kallaðar gellur og hún skyldi ekki vera með neinn dónaskap!

Konan keypti bara fiskibollur í dós í kvöldmatinn.

Ritstjóri/Netið

Jólasveinagrín

Tveir ungir drengir fengu að gista hjá afa og ömmu. Þegar kominn var háttatími og drengirnir krupu við rúmstokkin til að fara með bænirnar, byrjaði skyndilega sá yngri eins hátt og hann gat:



"ÉG BIÐ UM NÝTT HJÓL"
"ÉG BIÐ UM NÝJA LEIKJA-TÖLVU"
"ÉG BIÐ UM NÝTT VÍDEÓ-TÆKI"

Eldri bróðirinn hnippi til þann yngri og spurði: "Af hverju ertu að öskra bænirnar? Guð er ekki heyrnarlaus."

Þá svaraði sá yngri. "Nei, en amma er það."

Ritstjóri/Netið



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir	formaður,	691 598 598	ingahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Porkelsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Basar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378	621 674 427
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006	691 741 858
Guðný V. Benediktsdóttir	(innkaupast.),		661 200 206
Herdís Þórisdóttir (Dísa)		350 206	
Hjördís Ingvarsdóttir,			621 485 563
Tekla Skowronski			



Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Svefnsofi frá Habitat til sölu. Lítið notaður, grár á lit, klakk klakk system, svefnflötur 195x110. Verðhugmynd 80€
Upplýsingar veittar í síma 780 510.

Íslenskur fiskur o.fl.

Íslenskur fiskur og kjöt til sölu. Spyrjast fyrir og pantið hjá Icekost. Netfang: ickkost@t-online.de símar eru +49 4298 466 826 og +49 178 9055 862.

Viking Gold

Allra síðasti séns fyrir jóll! Íslenski VIKING GOLD björinn í hálfslitra umbúðum er til sölu í Lux. Kassinn kostar 40€
Upplýsingar í síma 621 365 895 eða e-mail á island@pt.lu.

Íslenskt í ScanShop

Eins og áður var auglýst þá er íslenskt skyr komið í sölu hér í

Luxembourg og ef ekki komið, þá er ráðgert á næstunni að hefja sölu á íslensku sælgæti. Verslunin ScanShop er á, 615 rue de Neudorf, L-2220 Luxembourg.

Tilkynningar

Gefins

Gestarúm fæst gefins. Rúmið er 130x200 með gafl og rúmfata-skúffu.
Upplýsingar veittar í síma 348453.

Til félagsmanna

Gaman væri að fá skemmtilegar myndir frá félagsmönnum til að birta í Brúnni. Endilega sendið inn skemmtilegt efni.

Gisting við ævintýraheim Arnarhreiðursins

Helga Þóra Eder rekur gistiheimili sem nefnist Friðartún í Þýsku Ölpunum. Nánar tiltekið: Friedbichlweg 14,

83471 Schöna am Königssee.
Sími: +49 8652 4123
Gsm +49 1609 607 74 32
www.friedwiese.de/isl.htm
E-mail eder@friedwiese.de

Símaskrá

Breytingar

Einar Gunnarsson
Kristín Marie Sigurðsson
Guxhagener Strasse 13
D-54457 Wincheringen
Sími 0049-6583-993-9412
E-mail
einar.gunnarsson@cargolux.com

Ólafur Kristjánsson
26 rue de Leudelange,
L - 8079 BERTRANGE
Sími 27 991 416
GSM 621 261 145

Óskar Bragi Sigbórsson
E-mail oskarbragi@gmail.com

Nýjir meðlimir

Helgi Mar Árnason
Íris Björnsdóttir
48 Rue Am Pesch
L-8067 BERTRANGE
Sími 26 394 103
Gsm ÍB 621 295 644
E-mail iris.bjornsdottir@hotmail.com

Fæðingar

Vala Björg Arnardóttir og Egill Reynisson eignuðust dótturina Elvu Björgu þann 30. nóvember síðastliðinn. Hún var 3550 gr. og 50 cm.
Við óskum þeim til hamingju.

Munið eftir að kíkja á
www.islandus.net

Börnin búa til sín eigin orðtök, málshætti eða mismæla sig, skoðum nánar;

“Betri eru kynórar en tenórar.”